

Áætlun Þelamerkurskóla gegn einelti

Í Þelamerkurskóla er lítið svo á að það sé samstarfsverkefni heimila og skóla að stuðla að velferð nemenda og að einelti eigi aldrei rétt á sér. Til að vinna gegn einelti er skipulega unnið að *samkennd* allra þeirra sem að skólastarfinu koma.

Á haustönn 2008 var byrjað að vinna samkvæmt áætlun Olweusar gegn einelti. Þá bættist Þelamerkurskóli í hóp grunnskóla á Íslandi og víðar í heiminum sem vinnur gegn einelti á skipulagðan hátt.



Starfsfólk og nemendur eru sammála um að einelti megi ekki eiga sér stað í Þelamerkurskóla. Leitað verður allra leiða til að fyrirbyggja einelti og hvers konar ofbeldi og áhersla lögð að leysa þau mál sem upp kunna að koma á farsælan hátt og koma í veg fyrir að þau geti endurtekið sig.

- Við viljum að í skólanum okkar sé hlýlegt andrúmsloft og að við sýnum hvert öðru samkennd, umhyggju og kurteisi.
- Við viljum að samskipti innan skólans okkar einkennist af jákvæðni, gleði og metnaði og við tökum fólki eins og það er.

Skilgreining á einelti

Einelti er ámælisverð eða síendurtekin ótilhlýðileg háttsemi, þ.e. athöfn eða hegðun sem er til þess fallin að niðurlægja, gera lítið úr, móðga, særa, mismuna eða ógna og valda vanlíðan hjá þeim sem hún beinist að. Einelti getur verið stýrt af einstaklingi eða hóp. Stundum getur reynst erfitt að skera úr um hvort stríðni er um að ræða eða einelti. Venja er að telja ærslafullan leik eða stríðni í vingjarnlegum tón ekki sem einelti. Birtingarmyndir eineltis eru margar og ekki er alltaf auðvelt að koma auga á það. Þess vegna er mikilvægt að allir þeir sem að skólastarfinu koma hafi vakandi auga yfir samskiptum innan skólans og sýni í verki að í Þelamerkurskóla sé einelti ekki líðið. Einn liður í því starfi er að láta ávallt vita til umsjónarkennara eða stjórnenda skólans vakni minnsti grunur um einelti.



Einelti getur verið


- **Líkamlegt:** barsmíðar, spörk, hrindingar
- **Andlegt:** þegar barn er þvingað til að gera eitthvað sem stríðir gegn sjálfsvirðingu þess og réttlætiskennd
- **Efnislegt:** eigur barns eyðilagðar eða þeim stolið
- **Munnlegt:** uppnefni, niðrandi athugasemdir, endurtekin stríðni
- **Skriflegt:** tölvuskeyti, skrif á samskiptasiður, sms-skilaboð, blogg, bréfasendingar, skrif
- **Óbeint:** útilokun úr félagahópi, baktal, neikvæð líkamstjáning.

Tilviljanakennd stríðni, átök og ágreiningur milli jafningja telst ekki til eineltis.

Fyrirbyggjandi aðgerðir gegn einelti

Í Belamerkurskóla er lögð áhersla á að við berum virðingu fyrir hvort öðru og sýnum umburðarlyndi. Við tökum ábyrgð á því sem við gerum og segjum og öll samskipti eru byggð á gagnkvæmu trausti. Við leggjum áherslu á markvissar forvarnir og gott samstarf heimila og skóla.

Hafi **forráðamenn** grun um að barn þeirra sé lagt einelti eru þeir beðnir um að hafa samband við umsjónarkennara barnsins og eða skólastjórnendur um leið og grunur þeirra vaknar.



Ef **starfsmann** skólans grunar að nemandi sé lagður í einelti eða taki þátt í að leggja aðra í einelti ber honum að láta umsjónarkennara vita strax, þannig að hægt sé að taka á málunum. Við skulum samt hafa það í huga að eineltismál eru ólík og því verður að miða viðbrögð við hvert einstakt tilfelli. Mikilvægt er að bregðast strax við og setja af stað ákveðið vinnuferli.

Grunur um einelti - könnunarferli.

Ef upp kemur grunur um einelti tilkynnist það tafarlaust til umsjónarkennara þolenda og gerenda. Umsjónarkennari tilkynnir grun um einelti til skólastjóra. Umsjónarkennari aflar strax upplýsinga um málið og fær staðfest hvort um einelti sé að ræða. Reynt er að finna út hvar eineltið á sér stað, hvenær, hvernig og hverjir eru þátttakendur.

Umsjónarkennari í samstarfi við eineltisteymi leitar upplýsinga hjá eftirtöldum aðilum:

- kennurum og öðru starfsfólki skólans
- forráðamönnum þolenda
- forráðamönnum gerenda

Umsjónarkennari leitar ráðgjafar hjá samstarfsfólki og/eða öðru fagfólki og fylgir eftirfarandi:

- Gerir foreldrum/forráðamönnum þolanda grein fyrir málinu, veitir upplýsingar um úrræði sem þeim stendur til boða skv. eðli málsins.
- Einstaklingsviðtöl við þolanda / þolendur eineltisins þar sem þeir fá stuðning og tryggt er að þeir láti vita ef eineltið heldur áfram.
- Ræðir við gerendur og foreldra/forráðamenn þeirra.
- Setur aðra kennara þolandans og starfsfólk inn í málið.
- Tekur einstaklings- og hópviðtöl við nemendur eftir atvikum.
- Leggur tengslakönnun fyrir bekkinn.
- Fjallað almennt um einelti t.d. í bekkjarfundatímum.

Mikilvægt er að umsjónarkennari skrái allar aðgerðir og gæti trúnaðar í meðferð málsins.

Eftirfylgni

Eftir að eineltismál er komið í réttan farveg er því fylgt vel eftir með samtölum við þolendur, forráðamenn þeirra og starfsfólk og staðan skráð reglulega. Ef niðurstöður athugunar sýna að einelti er enn í gangi, þá er tafarlaust gripið til frekari aðgerða.

Frekari aðgerðir


Þegar eineltismál tekur **ekki rétta** stefnu á aðgerðarstigi eða athugun í eftirfylgni máls sýnir að einelti heldur áfram eða byrjar aftur, þá er gripið til frekari aðgerða. Umsjónarkennari vísar málinu til nemendaverndarráðs (*skólastjóri, iðjupjálfi, sérkennari og fulltrúi skólaþjónustu*) sem saman fer í lausnaleit út frá fyrirliggjandi forsendum. Lögð er áhersla á að finna leiðir sem styrkja bæði þolendur, gerendur og foreldra viðkomandi.



Þegar eineltismál koma upp í skólanum þá vinnur **eineltisteymið** (skólastjórnendur og iðjupjálfi) með umsjónarkennurum þeirra nemenda sem um ræðir. Teymið heldur utan um vinnu gegn einelti og leitar eftir aðstoð utan skólans þegar þurfa þykir.

Mikilvæg atriði í tengslum við eineltismál

Höfum það í huga að öll málsatvik, mat á aðstæðum og framvinda eru skráð, í þeim tilgangi fyrst og fremst til að tryggja yfirsýn þeirra sem að málinu koma. Það er mikilvægt að fyllsta **trúnaðar** sé gætt við meðferð eineltismála. Tveir aðilar taka viðtal við gerendur. Það undirstrikar alvöru málsins og kemur jafnframt í veg fyrir misskilning. Það á alltaf að koma skýrt fram að einelti er **ekki** liðið í Belamerkurskóla og að skólinn mun beita öllum ráðum til að tryggja að einelti sem upp kemur ljúki strax.



Til upplýsinga fyrir foreldra

Foreldrar – er barn ykkar lagt í einelti?

Mikilvægt er að allir sem umgangast börn, hvort sem það eru foreldrar, kennarar, íþróttþjálfarar, eða hver sem er, hafi augun opin fyrir einelti. Ef tilkynning berst úr skólanum að barnið þitt verði fyrir áreitni af hendi skólafélaga er full ástæða til að taka það alvarlega. Þó er ekki víst að einelti verði uppvíst í skólanum, eða að skólinn átti sig á alvarleika málsins. Það er ekki heldur hægt að stóla á að barnið segi frá einelti sem það verður fyrir (Olweus 2003).

Því þarf að hafa auga með eftirfarandi einkennum:

Skólinn:

- Barnið vill ekki fara í skólann
- Hrætt við að fara í og úr skóla
- Fer óvenjulega leið í og úr skóla
- Barninu fer að ganga verr í skólanum
- Barnið týnir bókum, hlutum eða fötum
- Barnið týnir vasapeningunum sínum.

Félagarnir:

- Barnið fer að draga sig í hlé félagslega
- Lokar sig af og hættir að sinna áhugamálum

Hegðun:

- Barnið biður um aukapening eða byrjar að hnupla þeim
- Barninu líður illa en vill ekki segja hvers vegna
- Fer að haga sér á neikvæðan hátt gagnvart foreldrum eða systkinum
- Barnið rýkur upp af litlu tilefni, pirrað eða stjórnlaust í skapi
- Sjálfstraust barnsins minnkar
- Barnið grætur sig í svefn og/eða fær martraðir

Heilsufar:

- Barnið er með líkamlegar kvartanir og kvíðaeinkenni, s.s. höfuð- og magaverk
- Svefn- og matarvenjur barnsins breytast
- Barnið er með skrámur og marbletti sem ekki er hægt að skýra.

Hvað getið þið gert?

Trúðu barninu þínu og stattu með því. Hlutverk þitt er að hjálpa barninu að öðlast sjálfstraust og trúna á að það ráði við ástandið. Rætt við og hlustað á barnið segja frá starfinu í skólanum og ferðum til og frá skóla. Haft samband við umsjónarkennara, stjórnendur skólans og/eða forráðamenn gerenda. Brugðist við vanda barnsins með þolinmæði og umhyggju. Mjög mikilvægt er að barnið finni að það á ekki sök á eineltinu.

Foreldrar - er barn ykkar gerandi?

Mögulegar vísbendingar:

- Barnið er árásargjarnt og sýnir yfirgang.
- Barnið uppnefnir, stríðir og hótar.
- Barnið stjórnar vinum og útilokar einhvern úr vinahópnum.
- Barnið er ógnandi í samskiptum.
- Barnið talar niðrandi um aðra.

Hvað getið þið gert? Gefið barninu skýr skilaboð um að einelti er alvarlegt mál og slík hegðun verði ekki liðin. Fylgst vel með barninu og lagt ykkur fram um að kynnast vinum þess og hvernig það ver frítíma sínum. Haft samband við skólann og fengið aðstoð við að bæta og breyta hegðun barnsins.

Gott upplýsingaflæði milli heimilis og skóla er forsenda þess að vel gangi að sporna við einelti.



Tilkynning um einelti - **TRÚNAÐARMÁL**

Einelti er: *Einelti er endurtekið áreiti eða ofbeldi, líkamlegt eða andlegt, sem stýrt er af einstaklingi eða hópi og beinist að einstaklingi sem ekki tekst að verja sig. Líkamlegt einelti getur verið barsmíðar, spörk, hrindingar eða meiðingar af öðru tagi. Andlegt einelti felst í stríðni, útilokun, hótunum eða höfnun. Einnig getur einelti átt sér stað í gegnum síma og/ eða á netinu. Birtingarmyndir eineltis eru margar og ekki er alltaf auðvelt að koma auga á það. Þess vegna er mikilvægt að allir þeir sem að skólastarfinu koma hafi vakandi auga yfir samskiptum innan skólans og sýni í verki að í Belamerkurskóla sé einelti ekki liðið.*

Þolandi: _____

Meintur gerandi/gerendur: _____

Meðhlaupari/ar: _____

Tilkynnandi

Nemandi: _____

Starfsmaður skólans: _____

Aðstandandi: _____

Annar: _____

Tengsl tilkynnanda við þolanda: _____

Hverjir aðrir vita um málið? _____

Hvar á eineltið sér stað? _____

Hve lengi hefur eineltið staðið yfir? _____

Í hverju er eineltið fólgið?

Staðfesting þolanda/foreldra liggur fyrir: _____

Dags: _____

Undirskrift þess er tilkynnir:



Heimasíður um einelti og samskiptamál:

- Áfengis- og vímuefnarráð <http://www.vimuvarnir.is>
- Barna- og unglingageðdeild Landspítala Íslands (BUGL) <http://www2.landspitali.is/bugl/>
- Barnaheill <http://www.barnaheill.is/>
- Barnalög <http://www.domsmalaraduneyti.is/raduneyti/starfssvid/barnamal/>
- Barnaverndarstofa <http://www.bvs.is/>
- Doktor.is <http://www.doktor.is/>
- Fjölskyldumiðstöðin á Heilsuverndarstöðinni <http://www.barnivanda.is/>
- Foreldrahús <http://www.foreldrahus.is>
- Geðrækt <http://www.ged.is/>
- Götusmiðjan <http://www.gotusmidjan.is/>
- Heimili og skóli <http://www.heimilhogskoli.is/einelti/>
- Hitt húsið <http://www.hitthusid.is>
- Hugarafl <http://www.hugarafl.is/?c=a8news3&id=2&lid=40&pid=>
- Hugskot <http://frontpage.simnet.is/hugskot/>
- Menntamálaráðuneytið <http://www.menntamalaraduneyti.is>
- Olweus <http://www.olweus.is>
- Persona.is <http://www.persona.is/index.asp>
- Regnbogabörn <http://regnbogaborn.is>
- SAFT <http://www.saft.is>
- SÁÁ <http://www.saa.is>
- Skoðun.is/einelti <http://www.skodun.is>
- Rauði krossinn: Ef ég bara hefði vitað <http://rki.is>
- Tóbaksvarnarnefnd <http://www.reyklaus.is>
- Tótlaráðgjöf <http://www.totalradgjof.is>
- Umboðsmaður barna <http://www.barn.is>

Námsefni og myndir um einelti:

- Að vaxa úr grasi fyrir 1. til 5. bekk <http://namsgagnastofnun.is/allt-namsefni/vorunr/2788>
- Gaman saman fyrir yngstu börnin <http://namsgagnastofnun.is/allt-namsefni/vorunr/1001>
- Samvera - verum vinir fyrir yngsta stig og miðstig <http://namsgagnastofnun.is/allt-namsefni/vorunr/288>
- Að ná tökum á tilverunni fyrir mið- og unglingastig <http://namsgagnastofnun.is/allt-namsefni/vorunr/1251>
- Saman í sátt – handbók um leiðir til að fást við einelti og samskiptavanda í skólum <http://namsgagnastofnun.is/allt-namsefni/vorunr/997> Í bókinni má m.a. finna leiðbeiningar í viðtalstækni við gerendur og þolendur eineltis auk þess sem í henni er spurningalisti sem leggja má fyrir nemendur til að kanna stöðu mála. Spurningarlistinn er aðgengilegur á http://www.nams.is/pdf/saman_spurn.pdf
- Í sátt og samlyndi. Áhersla er á samskiptafærni og reiðistjórnun. Sérstakar kennslustundir eru tileinkaðar einelti og yfirgangi. Um er að ræða kennsluleiðbeiningar með vinnublöðum til ljósritunar <http://www.nams.is/allt-namsefni/vorunr/1028>
- Einelti—helvíti á jörð. Heimildarmynd með viðtölum við fórnarlömb eineltis <http://www.nams.is/allt-namsefni/vorunr/2881>
- Katla gamla - Leikin mynd eftir sögu lóunnar Steinsdóttur <http://www.nams.is/allt-namsefni/vorunr/3236> Myndinni fylgja nýútkomnar kennsluhugmyndir á pdf: http://www.nams.is/katla_gamla/katla_gamla_klb.pdf
- Ýmsir leikir, Þjóðleikhúsið – <http://fd.leikhusid.is/Forsida/Leiklistiskolum/>

Bækur um einelti/áreitni/stríðni:

- Andersen, H.C.: Ljóti andarunginn
- Andrés Indriðason: Mundu mig, ég man þig
- Arnheiður Borg: Valli á enga vini
- Arnheiður Borg: Rut fer í nýjan skóla; Rut á afmæli; Rut og Gunnar; Rut og raddirnar tvær
- Auður Jónsdóttir: Heillaráð Ófeigs; (smásaga í 23. apríl), Félag Íslenskra bókaútgefenda 2004
- Birkeland, Thøger: Lassi í baráttu; Æskan, 1983
- Carpelan, Bo: Boginn; Paradís; Þúnn, 1968 og 1973
- Eðvarð Ingólfsson: Hnefaréttur; Æskan, 1981
- Egill Egilsson: Sveindómur; Þúnn, 1979
- Elfa Gísladóttir: Solla bolla; Solla bolla og Támína
- Fossum, Gunnvor: Vertu Hugrókk Lilla
- Friðrik Erlingsson: Litla lírfan ljóta (Myndband)
- Golding, William: Höfuðpaurinn; (Lord of the flies), AB, 1970
- Gribe, Maria: Elvis Karlsson; Elvis, Elvis; Hagprent, 1978 og 1979
- Guðmundur Ólafsson: Klukkubjórurinn klóki
- Guðrún Helgadóttir: Bækurnar um Jón Odd og Jón Bjarna; Í afahúsi
- Gunnhildur Hrólfsdóttir: Þið hefðuð átt að trúa mér
- Hallfríður Ingimundardóttir: Pési og verndarenglarnir; Mál og menning, 1998
- Hartmann, Evert: Einn í stríði
- Haugen, Tormod: Náttfuglarnir; Jóakim; Þúnn, 1981 og 1985
- Helga Ágústsdóttir: Ekki kjafta frá
- Helgi Jónsson: Skotin! Saga um vináttu
- Herdís Egilsdóttir: Vatnsberarnir; AB, 1992
- Jacobson, Gun: Bróðir minn frá Afríku; Æskan, 1978
- Janson, Tove: Pípuhattur galdrakarlsins; Örn og Örylgur, 1992
- Janus, Grete: Láki – skemmtilegu smábarnabækurnar 7, Bókaútgáfan Björk Janus, Grete: Stubbur – skemmtilegu smábarnabækurnar 4 Bókaútgáfan Björk Karl Helgason: Í pokahorninu; Vaka Helgafell, 1990
- Kirkegaard, Ole-Lund: Gúmmí Tarsan; JPV, 2002
- Kristín Steinsdóttir (Léttlestrarbækur): Trú, von, Kærleikur; Ugly sat á kvisti; Átti börn og misti; Eitt, tvö, þrjú; Og það varst þú
- Kristín R. Thorlacius: Sunna þýðir sól; Muninn, 1999
- Kristín Helga Gunnarsdóttir: Mói hrekkjúsín; Mál og menning 2000
- Lindgren, Astrid: Bróðir minn ljónshjarta; Mál og menning, 1991
- Ljone, Oddmundur: Villtur vegar
- Guðrún Ásmundsdóttir: Lóma; Höfundur 2000
- Marínó L. Stefánsson: Dísa í Dunhaga
- Nöslinger, Christine: Skólasögur af Frans; Sögur af Frans
- Ragnheiður Gestsdóttir: Leikur á borði; Vaka Helgafell, 2000
- Ragnar A. Þorsteinsson: Röskir strákar og ráðsnjallir
- Ragnheiður Jónsdóttir: Í Glaðheimum
- Sigríður Eypórsdóttir: Lena Sól
- Stark, Ulf: Ekki bara töffarar
- Stefán Jónsson: Fólkið frá Steinshóli; Óli frá Skuld
- Thor, Annika: Sannleikann eða áhættuna; Æskan, 1999
- Thorvall, Kerstin: Pétur og Sóley Valgeir Skagfjörð; Saklausir Sólar dagar Vestly, Anne-Cath: Óli alexander á flugi Þorsteinn Marelsson: Milli vita
- Jón Sveinbjörn Jónsson: Pétur hittir Svart og Bjart; PP forlag, 2002